

8
14. júní

L Ö G

um

lögginging verzlunarstaða.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í Breiðavík í Vestur-Barðastrandarsýslu og í Sigurðarstaðavík á Melrakkaslétu skulu vera löggiltir verzlunarstaðir.

2. gr.

Löggilding hvors þess verzlunarstaðar, er um ræðir í 1. gr., skal koma til framkvæmda þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.